

**525. fundur hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,  
12. júní 2018 og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), aðalmaður, Guðni Ólafsson (GÓ), aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH), aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LM), aðalmaður, Berglind Eir Egilsdóttir (BEE), varamaður og Ása Jónsdóttir (ÁJ).

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir.

BG bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort athugasemdir væru við fundarboðun. LM gerði athugasemd við að fundurinn hefði ekki verið auglýstur á netinu.

BG lýsir fundinn lögmætan.

Fjarverandi Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir í h.s. Berglind Eir Egilsdóttir.

**Dagskrá:**

**1. Kjör oddvita og varaoddvita til eins árs. - 1807031**

*BG kjörin oddviti með 5 atkvæðum.*

*BSH kjörinn varaoddviti með 4 atkvæðum, BSH sat hjá.*

**2. Ráðning skólastjóra Tálknafjarðarskóla - 1807032**

*BG lagði til að Sigurður Leósson verði ráðinn.*

*Bókun frá LM á E-lista:*

*"Gengið var framhjá fræðslunefnd við umfjöllun um umsóknir eins og eðlilegt hefði verið þar sem fræðsluráð er fagnefnd sveitarstjórnar og sveitarstjórn til ráðgjafar í málefnum skóla. Nefndin starfar þar til sveitarstjórn hefur skipað nýja nefnd sbr. 27.gr. Samþykktar um stjórn Tálknafjarðarhrepps og því engin ástæða til að nefndin hafi ekki fengið umsóknir til umfjöllunar."*

*Ráðning skólastjóra að tillögu BG samþykkt með 5 atkvæðum.*

**3. Tímabundin ráðning sveitarstjóra - 1807033**

*Guðný Sverrisdóttir (GS) verður ráðin tímabundið.*

*Samþykkt með 5 atkvæðum.*

**4. Prókúra til handa sveitarstjóra - 1807034**

*Oddvita BG og sveitarstjóra GS veitt prókúra fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps og um leið fellur úr gildi prókúra fyrrverandi sveitarstjóra Indriða Indriðasonar og fyrrverandi oddvita Evu Daggar Jóhannesdóttur. Samþykkt með 5 atkvæðum.*

525. fundur  
23. júlí 2018

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.18:34.**

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir  
(BG)

---

Guðni Ólafsson (GÓ)

---

Björgvin Smári Haraldsson  
(BSH)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Berglind Eir Egilsdóttir (BEE)

---

Ása Jónsdóttir (ÁJ)